

**Nr. 015 / 13 Jón Vídalín VE 82*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1275  
 Smíðaður: Muroran Japan 1972, stál  
 Stærð: 548,4 brl. 808,8 bt.  
 Mesta lengd: 55,82 m Skráð lengd: 51,45 m  
 Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,5 m  
 Vél: Niigata 1691kW, 1986  
 Fjöldi skipverja: 13



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 23. nóvember 2012 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum á SV miðum. Veður: V 12 m/s og lítill sjór.

Skipverji var að lyfta kari í lest til að koma því fyrir í annarri stæðu þegar annað kar losnaði og féll á hann. Féll hann aftur fyrir sig á bakið á brún karsins sem hann stóð í. Hann bólgnaði upp og reyndist meðal annars brákaður á hrygg.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði stóð ofan í kari í annarri hæð þegar hálffullt kar af fiski í fjórðu hæð fór af stað og lenti á honum;
- að skipverji sem vann með slasaða í lestinni sagði að karið sem lenti á slasaða hafi verið í góðu ástandi. Hann taldi að körin hafi hreyfst vegna veltings en það væri erfitt að standa í körunum í velting þegar öll stæðan er á mikilli hreyfingu;
- að sögn eins skipverja þá væru öll körin í lestinni að renna til og frá í veltingi;
- að skipstjóri sagði að körin sem þeir fengju um borð væru nánast alltaf í góðu ástandi. Hann benti á að misjafnar ástæður gætu verið fyrir því að einstaka kar losni úr skorðum. Það getur verið að of mikið hafi verið af fiski í karinu undir því sem fór af stað eða að fiskur hafi lent á milli skorða sem í báðum tilfellum verður til þess að skorðurnar ganga ekki saman eins og ætlast er til;
- að skipstjóri sagði einnig að komið hefði fyrir að löndunarmenn, sem ekki væru vanir skipinu, hefðu raðað rangt í lestina þannig að of mikið bil yrði

á milli stæða. Þá kæmi mikill sláttur á allan farminn og í slæmum veðrum kastaðist fiskurinn jafnvel upp úr körum. Hann taldi að í þetta skipti hafi körunum verið rétt raðað í lestina enda hafi hann ekki fengið tilkynningar um annað í þessum túr. Skipstjóri sagði að ekki væru til í skipinu búnaður til að sjóbúa betur og minnka slátt á farminum.

#### *Nefndarálit:*

Nefndin telur ástæðu slyssins megi rekja til þess að kör hafi ekki verið nægjanlega skorðuð í lestinni.

Nefndin beinir því til skipverja að vanda sig við frágang kara í lest ísfiskskipa þegar þeim er umstaflað.